



9. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

mánudagur 2. október 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) gjaldkeri, Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn, Snorri Örn Arnaldsson (SÖA) mótastjóri sat fundinn undir lið 2.

Forföll boðuðu: Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Herbert Arnarson (HA) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Verið birt á kki.is

2. Nýtt mótakerfi

SÖA fór yfir vinnu við nýtt mótakerfi sem tekið var í notkun í haust og stöðuna á því í dag.

3. Þriggja ára reglan

Fimm aðilar hafa fengið keppnisleyfi eftir svokallaðri þriggja ára reglu.

Þrjár beiðnir félaga/leikmanna um undanþágu frá þriggja ára reglunni. Öllum beiðnum synjað og stjórn mun ekki veita undanþágur frá reglunni eins og hún er í dag.

Framtíð þriggja ára reglunnar rædd.

4. Afreks- og landsliðsmál

Baldur Þór Ragnarsson ráðinn yfirþjálfari yngri landsliða.

Unnið að því að klára ráðningar aðalþjálfara allra yngri landsliða í október. Formanni, framkvæmdastjóra, afreksstjóra og formanni afreksnefndar falið að klára málin og mun framkvæmdastjóri upplýsa stjórn þegar gengið hefur verið frá ráðningum.

5. Íslenskur Toppkörfubolti

Á síðasta fimmtudag fór fram fyrsti aðalfundur nýstofnaðra samtaka. GNE og HSJ mættu á fundinn fyrir hönd KKÍ, GK og HK voru í fjarfundi.

6. Til upplýsinga

GNE verið skipað í mótanefnd karlalandsliða FIBA World 2023-2027.

Norðurlandafundur 26.október í Tallinn í Eistlandi, formenn og framkvæmdastjórar eru saman með fund og svo afreksstjórar/starfsmenn landsliðsmála saman með annan fund á þessum degi.

Næsti fundur mánudaginn 6. nóvember kl. 17:00

Fundi slitið kl. 18:20